

Ár 2014, miðvikudaginn 26. nóvember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 9/2014

X

gegn

Z

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (X), sem barst siðanefnd 18. mars 2014 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þessa að kærða (Z) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina ZZ við rakkann XX án þess að tíkin hefði ná tilskildum lágmarksaldri. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 23. apríl 2014 og henni gefinn andmælafrestur til 21. maí. Kærða svaraði með bréfi dagsettu 8. maí og vísaði þar til áðursends bréfs til skrifstofu HRFÍ dagsettu 20. febrúar. Var afrit af því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 21. febrúar var tíkin ZZ pöruð við rakkann XX hinn 27. september 2013. Hundarnir eru af kyninu Griffon Bruxellois og eru báðir í eigu kærðu. Við pörunina hafði tíkin ekki náð tilskildum lágmarksaldri samkvæmt reglum félagsins. Telur kærandi að við pörunina hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða svaraði því til að þegar tíkin paraðist þá hefði hún ekki sýnt nein merki um að hún væri að lóða og því hefði þess ekki verið gætt að aðskilja hana frá rakkanum á heimilinu. Við dýralæknisskoðun hefði síðan komið í ljós að hún væri hvolfpafull og var farið með tíkina í keisaraskurð hinn 29. nóvember 2013 eftir u.þ.b. 9 vikna meðgöngu. Kærðu þykir það ákaflega miður að svona hafi farið vegna gáleysis hennar og heitir því að reyna af fremsta megni að fara að reglum félagsins.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn. Og samkvæmt grein 3.3. ber félagsmanni að:

„Para ekki tik fyrir tveggja ára aldur nema annað sé tekið fram í reglum sérdeilda varðandi undaneldisdýr í Reglugerð um skráningu í ættbók Hundaræktarfélags Íslands“

Og í reglugerð um ættbókarskráningu segir:

„Lágmarksaldur eftirtalinnna tíka við pörun er 20 mánaða (skv. beiðni Smáhundadeildar 01.08.2010): Chinese crested, coton de tulear, griffon bruxellois, griffon belge, japanskur chin, maltese, petit brabançon, pug, boston terrier, franskur bulldog, havanese, og Russky toy. (Á við allar hundategundir innan Smáhundafeildar).

Í málinu liggur ljóst fyrir að við pörun hafði tíkin ekki ná tilskyldum lágmarksaldri sem Smáhundadeild HRFÍ beiður um og hefur kærða því gerst brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Regla þessi er sett með dýravernd að markmiði og ætti öllum félagsmönnum í HRFÍ sem nota hunda sína til ræktunar að vera bæði ljúft og skylt að halda slíka reglu.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærða játaði brot sitt skýlaust og baðst afsökunar. Siðanefnd þykir því hæfileg refsing vera áminning.

IV. Niðurstaða

Kærða Z telst hafa gerst brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

Anna María Flygenring

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir